Bárður Guðmundsson, skipstjóri á Kristni II SH

Innfjarðarstofn ýsu í vexti

Hér er landburður af fiski. Veiðarnar ganga vel hvort sem er í net, snurvoð eða á línu. Þó er ekki alveg sami krafturinn í línuveiðunum og í önnur veiðarfæri. Þorskurinn er svo vel haldinn að hann er tregur til að taka," sagði Bárður Guðmundsson, skipstjóri á krókaaflamarksbátnum Kristni II SH, í samtali við Fiskifréttir.

Bárður sagði jafnframt að ef menn hefðu þolinmæði tæki fiskurinn fyrir rest en það færi þó eftir botnlagi hve lengi beitan entist. „Beitan er fljót að fara af á harða botninum. Ef maður er með línu á drullunni og bíður er mokveiði, gæti verið um 400-500 kíló á bala," sagði Bárður.

Fleiri en einn ýsustofn

Bárður sagði að vel hefði gefist að leggja línuna víða í köntunum á álnum en það þýddi lítið fyrir bátana að leggja línuna ofan í álinn. Þá væri helmingur aflans ýsa en flest allir væru orðnir ýsulausir. „Fiskifræðingar segja að aðeins sé til einn stofn af ýsu, þ.e. göngufiskurinn sem flækist um á togaraslóðinni. Ef hann finnst ekki er sagt að engin ýsa sé til þótt allir firðir séu fullir af ýsu. Við teljum að



Bárður Guðmundsson.

ýsan hér í álnum haldi sig þar að mestu leyti allt árið og sé sérstakur stofn, innfjarðarstofn. Hann hefur verið að stækka undanfarin ár á meðan hinn ýsustofninn hefur minkað," sagði Bárður.

Feitur og lifrarmikill

Bárður sagði að vertíðin byrjaði óvenju snemma. Gönguþorskurinn væri mættur í Breiðafjörðinn í miklum mæli og væri feitur og lifrarmikill. Upp undir 10% af þyngd fisksins væri lifur „Þetta er þó öðruvísi fiskur en við eigum að venjast á vertíðinni. Hann er blakkari á kviðinn. Aðalhrygningarfiskurinn er hvítari á kviðinn. Það á því eftir að koma önnur ganga af hrygningarþorski í Breiðafjörðinn."

Veiða ýsuna með

Bárður sagði að þótt þeir legðu mikla áherslu á þorskveiðar dreifðu þeir línulögninni

> Sjómenn eru nánast allir búnir með ýsukvótann og það fæst ekki gramm leigt. Ekki einu sinni hjá ríkinu sem er að verða aðalleigubraskarinn.

mikið til að fá blandaðan afla af þorski og ýsu. Ólíkt mörgum öðrum væru þeir með tiltölulega stóran ýsukvóta og þyrftu því að veiða ýsuna með. Þeir hefðu verið að fá mikið í kringum 10 tonnin í róðri á 48 bala. „Við dreifum þessu meira. Bátar sem hringa alla línuna á þekkta þorskbletti fá meira, eða í kringum 300 kíló á balann," sagði Bárður.

Metafli í janúar

Þeir á Kristni II SH fengu um 165 tonna afla í janúar. Þetta er með því mesta sem báturinn hefur fengið í einum mánuði og þeir hafa aldrei veitt svona mikið í janúar. „Maður stendur alveg á gapi að ekki skuli vera aukið við veiðiheimildir í þorski og ýsu.



Sérstaklega finnst mér brýnt, í ljósi þess hvað innfjarðarstofninn er sterkur, að bætt sé við ýsukvótann. Að minnsta kosti á grunnslóðarveiðum. Sjómenn eru nánast allir búnir með ýsukvótann og það fæst ekki gramm leigt. Ekki einu sinni hjá ríkinu sem er að verða aðalleigubraskarinn," sagði Bárður Guðmundsson.

» kjartan@fiskifrettir.is